

Fundargerð

413. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 6. nóv. 2018 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Reynir Vilhjálmsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Sjöfn Ingólfssdóttir, Kári Jónasson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi Erna Indriðadóttir og Anna Þrúður Þorkelsdóttir.

Þetta gerðist:

Afgreiðslu fundargerðar fundar nr 412 frestað. Umræða um samning við MótX. Formaður og gjaldkeri og framkvæmdastjóri ganga frá texta.

1. Fundir með þingnefndum og fl.

Formaður fór yfir þá fundi sem hann og aðrir fulltrúar FEB haf átt með nefndum Alþingis að undanfögnu. Þar kom m.a. fram að fundað hefur verið með forsætisráðherra, heilbrigðisráðherra og fjárlaganefnd Alþingis í október auk funda með Flokki fólksins og velferðanefnd v/öryrkja, en sá fundur var 1. nóv. s.l. Þá var sagt frá fundi með nýráðnum ritstjóra Félagstíðinda og fjölmennri sviðaveislu FEB í nóv. byrjun. Umræða um heimsókn fulltrúa FEB á fundi fjárlaganefndar.

2. Stefnumál FEB – framhald vinnunnar

Ljóst er að stjórnarmenn hafa ekki fengið gögnin frá vinnufundinum. Niðurstaðan er að gögn koma inn á fund stjórnar eftir undirbúning og yfirferð formanns, varaformanns og gjaldkera.

3. Önnur mál

Nýr viðskiptasamningur við Landsbankann

- Fulltrúi Landsbankans Þorsteinn Hjaltason mætti á fundinn og fór yfir nýjan „viðskiptasamning“ um fjármögnun og stöðu mála í samstarfi aðila vegna byggingarframkvæmda að Árskógum 1-3. Verið er að stækka lánið úr 52 íbúðum í 68 og þannig að bæta 1168 milljónum á núv. lán. Stjórnarmenn árituðu nýtt tryggingarbréf nr 0106 63 513639 og veittu framkvæmdastjóra umboð til frágangs nýs viðskiptasamnings.

Afsláttarbók FEB 2019

- Framkv.stjóri lýsti gerð nýrrar Afsláttarbókar sem unnin verður með aðkomu LEB og fleiri aðila, þannig að LEB tekur þátt í kostnaði og þar með verða þjónustuaðilar á landsbyggðinni inni og bókin stækkar.

Samningur við BaseParking áréttaður fyrir stjórnarmönnum eins og hann er kynntur fyrir félagsmönnum þar sem margir eru á faraldsfæti þessar vikurnar m.a. í ferðum á vegum FEB. Einnig sagt frá hótulgistingu á Ásbrú.

Félagstíðindi blað FEB eru í vinnslu og fara í dreifingu nú um miðjan nóvember.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 11.35.

Samþykkt;